



## Verklagsreglur varðandi skráningu aðgerðakóða: Liðskiptaaðgerðir á hnjám

Tölur um fjölda liðskiptaaðgerða á hnjám eru hluti þeirrar tölfræði sem notuð er til fjölþjóða-samanburðar þegar kemur að tölum um skurðaðgerðir. Má þar nefna tölfræði sem birt er á vegum Norræna heilbrigðistölfræðiráðsins NOMESCO og á vegum OECD. Í þeim samanburði er aðeins litið til liðskipta á hné AÐ FULLU (e. *total knee replacement*). Við samanburð á íslenskum tölum við tölur annarra landa hefur komið í ljós að vegna mismunandi skráningar eru tölurnar ekki samanburðarhæfar. Samkvæmt upplýsingum embættis landlæknis eru langflestar aðgerðir sem framkvæmdar eru hér á landi aðgerðir þar sem skipt er um lið að fullu. Hinsvegar endurspeglar skráning aðgerðakóða þetta ekki.

Við vinnu að ítarlegri greinargerð um liðskiptaaðgerðir síðla árs 2019 staðfestist það sem áður var talið, að notkun aðgerðaskráningarkóða vegna liðskiptaaðgerða á hné er mismunandi milli aðgerðastaða (Landspítala, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Akranesi og Sjúkrahússins á Akureyri).

### • NCSP

Á þeim stöðum þar sem NCSP-kerfið er notað er mest skráð af:

- NGB04 Frumendurnýjun hnéliðar að hluta, með liðgervi, án sements, fleiri en einn, en ekki allir hlutar (e. Primary partial prosthetic replacement of knee joint not using cement, more than one, but not all parts).
- NGB14 Frumendurnýjun hnéliðar að hluta, með liðgervi, með sementi, fleiri en einn, en ekki allir hlutar (e. Primary partial prosthetic replacement of knee joint using cement, more than one, but not all parts).

Þessir kóðar falla undir frumendurnýjun **að hluta**. Þess misskilnings virðist hafa gætt að ekki megi skrá liðskipti að fullu nema að skipt sé um hnéskei. Svo er ekki, þ.e. skipti á hnéskei eru ekki forsenda þess að flokka megi aðgerð sem liðskipti að fullu.

### • NCSP-IS

Svo virðist sem verið sé að nota tvo mismunandi NCSP-IS aðgerðakóða þegar framkvæmdar eru frumendurnýjanir hnéliðar að fullu, þar sem að annar kóðinn flokkast í reynd sem endurnýjun að hluta. Þeir kóðar sem eru mest skráðir eru:

- NGSB12 „Primary total replacement of knee joint using gliding prosthesis without patellar part“ (íslensk þýðing hefur ekki verið gefin út).
- NGSB40 Frumliðlöggun með fóðringu í hnélið (e. Primary prosthetic interposition arthroplasty of knee joint). Í tölfræðisamantektum, fellur þessi kóði undir frumendurnýjun **að hluta**. Vakin er sérstök athygli á að NCSP-IS kóðinn NGSB40 er **ekki jafngildur NCSP kóðanum NGB40** sem margir lækna kunna að hafa vanist að nota.

Í þeim tilgangi að tryggja samræmi gefur embætti landlæknis nú út leiðbeiningar um skráningu NCSP/NCSP-IS aðgerðakóða.

**Framvegis skulu aðgerðir skráðar með einhverjum af eftirtöldum aðgerðakóðum:**

	NCSP	NCSP-IS
Frumendurliðun hnéliðar að fullu	NGB20 til og með NGB40	NGSB00 til og með NGSB12
Frumendurnýjun hnéliðar að hluta	NGB00 til og með NGB19, NGB59 eða NGB99	NGSB20 til og með NGSB99

Listi yfir alla aðgerðakóða, bæði í NCSP-flokkunarkerfinu og í NCSP-IS flokkunarkerfinu er að finna á vefsíðunni [www.skafli.is](http://www.skafli.is)

Leiðbeiningar þessar ná ekki til síðari (secondary) liðskiptaaðgerða á hnjám.

Embætti landlæknis  
29. apríl 2020